

Stefna Skeljungs er að öll verkefni og þjónusta sem fyrirtækið annast standist gæðakröfur og væntingar haghafa. Skeljungur leitast við að tryggja að viðskiptavinir félagsins fái örugga, góða og skilvirka þjónustu og viðmót sem einkennist af sanngirni, háttvísi og fagmennsku. Við bregðumst við ábendingum frá viðskiptavinum okkar og leggjum áherslu á gæðavitund starfsmanna.

Skeljungur vinnur með virkum og skipulögðum hætti að eftirfarandi:

- Skeljungur vinnur eftir og uppfyllir allar gildandi kröfur ISO9001 gæðastjórnunarstaðalsins.
- Stöðugum umbótum og flæði ferla.
- Aukna tækninotkun þvert á fyrirtækið til að auka virði og hagkvæmni.
- Starfssvið og ábyrgð starfsfólks séu rétt skilgreint og uppfyllt.
- Starfsfólk hafi fengið rétta þjálfun til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið.
- Stuðla að sjálfbærni og nýsköpun í starfsemi Skeljungs.
- Farið sé eftir lögum og reglum sem gildandi eru hverju sinni.
- Kröfur um innra- og ytra eftirlit með rekstrinum sé framfylgt.

Gæðamarkmið Skeljungs eru:

- Ánægt og rétt þjálfað starfsfólk.
- Ánægðir viðskiptavinir.
- Gæða vörur og vöruþróun.
- Að stefnum félagsins sé framfylgt og markmiðum þeirra.

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á ytri vef félagsins. Stefnan skal vera rýnd árlega og ber forstjóri ábyrgð á framfylgd hennar.